

16. stjórnarfundur EBAK haldinn þ. 4. mars 2025 kl. 15:00.

Mætt voru: Karl Erlendsson, Karl Guðmundsson, Brynjólfur Ingvarsson, Margrét Alfreðsdóttir, Björn Snæbjörnsson, Margrét Marvinsdóttir, Fjóla Sigurðardóttir og Valgerður Jónsdóttir. Forföll tilkynntu Þóra Hjaltadóttir og Sigurður Harðarson.

Formaður setti fund og bauð fólk velkomið.

1. Tjaldsvæðisreiturinn

Lögð var fram tillaga frá Karli Guðmundssyni um breytingar á tjaldsvæðisreit, þ.e.a.s. að EBAK fái stærri hluta svæðisins afmarkaðan fyrir eldri borgara og að leyft verði að hækka húsin um 1 -2 hæðir. Fleiri íbúðir gagnast fleira fólki. Tillagan var samþykkt og verður send bæjarstjórn.

2. Aðalfundur EBAK

Aðalfundur félagsins verður haldinn í Hofi þriðjudaginn 18. mars kl. 16. Fundarstjóri verður Hákon Hákonarson. Uppstillingarnefnd hefur skilað inn lista yfir nefndarfólk, enn vantar tvo í uppstillinganefnd.

Dagskrá:

- a. Lagðar verða fram lagabreytingar til samþykktar.
- b. Ályktun um húsnæðismál EBAK frá stjórn EBAK.
- c. Ályktun um kjaramál frá kjaranefnd EBAK.

3. Reikningar EBAK

Karl Guðmundsson gjaldkeri lagði fram drög að ársreikningi EBAK.

4. Námskeið í gervigreind

Félögum EBAK býðst að taka þátt í námskeiði í gervigreind sem haldið verður á vegum Tölvufræðslunnar, það kostar 13.900 kr., en félagið myndi niðurgreiða það um 5.000 kr. og það yrði haldið í húsnæði félagsins. Hámarksfjöldi á námskeiðinu yrðu 40 manns. Meirihluti stjórnar samþykkti félagið tæki þátt. Það verður auglýst fljótlega.

5. Landsfundur LEB.

Landsfundur félaga í LEB verður haldinn á Park hótél í Keflavík þ. 29. apríl. EBAK á ellefu fulltrúa. LEB greiðir helmingskostnað á mótí félögum landsambandsins.





Önnur mál.

Karl Erlendsson
Björn Snæbjörnsson
Margrét Marvinsdóttir

Skrifstofa EBAK

- a. Flutningur/skipti á skrifstofu EBAK getur farið fram eftir páska, þá fær félagið til afnota fremra herbergið austan megin við salinn.
- b. Karl Erlendsson formaður benti á greinar sem hafa birst í blöðum bæjarins um ÍBA55.
- c. Valgerður minntist á að gott væri að endurvekja notendaráð, en það er tengiliður milli fólks sem sækir félagsmiðstöðvarnar og stjórnenda þeirra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16. Valgerður Jónsdóttir ritari.




Karl Erlendsson

Fjola Sig
Margret H Mann